

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum,
600 Akureyri

Garðabær, 18. nóvember 2025
202510-0106/A.B.
08.05

Efni: Ósk um umsögn – Umsókn um leyfi til leitar og rannsókna á lausum jarðefnum Kollafirði Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er í erindi Umhverfis- og orkustofnunar vegna umsóknar Björgunar-Sements ehf. um rannsóknarleyfi til leitar og kortlagningar lausra jarðefna á hafsbotni í Kollafirði, dags. 22. október 2025, sem barst Náttúruverndarstofnun 27. október sl. Í umsókninni kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felst einkum í fjölgeislamælingum, setþykktarmælingum og takmarkaðri sýnatöku úr botni, með það að markmiði að meta hvort svæðið henti til hugsanlegrar nýtingar jarðefna á síðari stigum. Rannsóknarsvæðið er staðsett í strandsjávarvatnshlotinu Straumsvík-Kjalarnes og nær yfir hafsbotn norður af Þerney og austan við Lundey.

Lundey og fuglasvæði

Lundey í Kollafirði er friðlýst sem friðland samkvæmt 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sbr. auglýsingu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 8. júní 2021. Svæðið er 1,74 km² að stærð, þar af um 1,7 km² hafsvæði, og nær friðlýsingin bæði til eyjarinnar, grunnsævis, fjörunnar, hafsbotns og lífríkis á svæðinu.

Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2013, með því að vernda eitt mikilvægasta varpsvæði sjófugla á höfuðborgarsvæðinu. Í Lundey er fjölskrúðugt varp m.a. lunda, ritu, teistu og æðarfugls, en allar þessar tegundir eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2025). Áætlað er að allt að 10.000 lundapör verpi í eyinni árlega, sem gerir svæðið að einu stærsta lundavarp landsins utan Suðurlands.

Friðlýsingin miðar jafnframt að því að vernda gróðurlendi, þ.m.t. sjaldgæfa tegundasamsetningu á gróðurlendum eyjarinnar, sem og lífríki í fjöru, á grunnsævi og á hafsbotni. Í friðlýsingunni kemur sérstaklega fram að óheimilt sé að raska gróðri eða lífríki á landi, í fjöru eða á hafsbotni innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar, sbr. 10. og 12. gr. auglýsingarinnar.

Í samræmi við 54. gr. laga nr. 60/2013 ber að tryggja að framkvæmdir á jaðarsvæðum friðlandsins, þ.e. svæðum utan friðlýsingarmarka, hafi hvorki skaðleg áhrif á verndargildi né verndarmarkmið friðlýsta svæðisins. Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að marka skýrt jaðarsvæði frá friðlýsingarmörkum Lundeyjar, þar sem hvers kyns rannsóknir eða fyrirhuguð starfsemi á hafsbotni mega ekki leiða til truflunar á fuglalífi, rask á botnlífríki eða dreifingar á svifseti eða öðrum áhrifum inn á friðlýst svæði. Slíkt jaðarsvæði er nauðsynlegt til að tryggja að verndarmarkmið friðlandsins náist og að svæðið haldi vistfræðilegri virkni sinni.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf við mat á umsókn um rannsóknarleyfi á hafsbotni í Kollafirði að leggja sérstaka áherslu á að framkvæmdin sé utan friðlýsts svæðis og að tryggt sé að hún valdi engri truflun á fuglalífi, sérstaklega á varptíma 20. maí–20. ágúst, í samræmi við 6. og 7. gr. friðlýsingarinnar.

Auk þess bendir stofnunin á að á norðurhluta rannsóknarsvæðisins er mikilvægt fuglasvæði sem nefnist Kjalanes.¹ Tryggja þarf að framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á fuglasvæðið.

Vegna mikilvægis svæðisins fyrir sjófugla og hlutverks þess sem verndarsvæði samkvæmt Bernarsamningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni, er ljóst að allar framkvæmdir eða rannsóknir í nágrenni við friðlandið verða að:

- forðast truflun frá skipaumferð, hávaða, sonar eða ljósi,
- taka mið af varptíma fugla,
- tryggja að svifset, hljóð eða aðrir þættir breiðist ekki inn á friðlýst hafsvæði,
- meta sérstaklega hugsanleg samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir í Kollafirði.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur

¹ <https://www.natt.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/kjalarnes>